

Fs: Berist til sveitarstjóra - Stýrihópur um framtíðarskipulag náttúrustofa

Til : Sigríður Júlía Brynleifsdóttir <sigridurjulia@isafjordur.is>; Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Frá : Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>
Heiti : Fs: Berist til sveitarstjóra - Stýrihópur um framtíðarskipulag náttúrustofa
Málsnúmer : 2024110126
Málsaðili : Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skráð dags : 05.05.2026 10:22:04
Höfundur : Almennur póstur <apostur@isafjordur.is>

Viðhengi image002.png
image001.png

Bestu kveðjur/Kind Regards,

Rakel Sylvía Björnsdóttir

Þjónustufulltrúi

Ísafjarðarbær

450 8000 - [www.isafjordur.is](#)

Frá: Steinar Kaldal

Sent: mánudagur, 4. maí 2026 15:56

Til: fjardabyggd@fjardabyggd.is ; mulathing@mulathing.is ; postur@vestmannaeyjar.is ; afgreidsla@hornafjordur.is ; klaustur@klaustur.is ; afgreidsla@sudurnesjabaer.is ; stykkisholmur@stykkisholmur.is ; nordurthing@nordurthing.is ; thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is ; skagafjordur@skagafjordur.is ; skagastrond@skagastrond.is ; skrifstofa@hunathing.is ; bolungarvik@bolungarvik.is ; Ísafjarðarbær ; sudavik@sudavik.is ; strandabyggd@strandabyggd.is ; vesturbyggd@vesturbyggd.is

Efni: Berist til sveitarstjóra - Stýrihópur um framtíðarskipulag náttúrustofa

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur ákveðið að skipa starfshóp sem falið er það hlutverk að leggja fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi náttúrustofa landsins. Vinna starfshópsins byggir á fyrri samráði sem ráðuneytið hefur átt við sveitarfélög sem standa að náttúrustofum um endurskoðun á stjórnskipulagi náttúrustofanna. Samráð var einnig haft við Náttúrufræðistofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Markmið vinnu starfshópsins er að fyrir liggi tillögur sem tryggi markvissari ráðstöfun fjármuna, auki skýrleika um verkefni sem ríkið fjármagnar, bæti fyrirsjáanleika í rekstri náttúrustofa og tryggi varðveislu og aðgengi að gögnum.

Í því samhengi leggur ráðuneytið áherslu á tvö verkefni í störfum hópsins:

1. Móta skýra umgjörð um nýtingu fjármagns ríkisins til verkefna náttúrustofa innan gildandi laga. Í því felst að gera tillögu að fyrirkomulagi þar sem rekstrarframlög ríkisins og núgildandi verkefnasamningar við Náttúrufræðistofnun verði nýtt í gegnum verkefnamiðaða langtímasamninga við náttúrustofur um

skilgreind rannsóknar- og vöktunarverkefni. Fyrsta samningstímabil verði 2027-2030. Einnig verði horft til þess hvort og með hvaða hætti stofurnar geti unnið saman varðandi framkvæmd einstakra verkefna. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum varðandi þennan hluta fyrir 30. september 2026. Tillögurnar verða nýttar við samningsgerð ráðuneytisins við náttúrustofur vegna starfstímabils 2027-2030 þar sem framlag ríkissjóðs verði háð skilgreindum verkefnum. Tillögurnar geta jafnframt falið í sér sameiginlega nýtingu á stoðþjónustu Náttúrufræðistofnunar.

2. Vinna að útfærslu á sameiginlegu gagnakerfi fyrir náttúrugögn sem byggir á samstarfi náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar. Markmið þess er að tryggja samræmda skráningu, varðveislu og miðlun gagna sem safnast í rannsóknum og vöktun, með miðlægu utanumhaldi/samræmdu gagnakerfi. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum varðandi þennan hluta fyrir lok árs 2026.

Starfshópurinn er þannig skipaður: Steinar Kaldal, formaður, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, Þorkell Lindberg Þórarinsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands. Með hópnnum starfar Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi frá Strategia.

Tölvupósturinn er sendur til sveitarstjóra allra sveitarfélaga sem koma að rekstri náttúrustofa.

Bkv. Steinar



Steinar Kaldal

Sérfræðingur / Head of Division

Skrifstofa náttúru og minjaverndar / Department of Nature and Cultural Heritage

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið / Ministry of the Environment, Energy and Climate

Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.urn.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

